

Fimmtudaginn 7. nóvember 1996.

Nr. 255/1995.

Ægir Þorsteinsson

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

Vátryggingafélagi Íslands hf. og

Hjálmar Júlíussyni

(Hákon Árnason hrl.)

Umferðarslys. Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. júlí 1995. Hann krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér 22.049.610 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 22. júní 1992 til greiðsludags. Til vara krefst hann lægri fjárhæðar. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál í héraði.

Stefndu krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar til mikilla muna og málskostnaður felldur niður.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Ekki er óyggjandi, að það, sem eftir vitninu Hrönn Harðardóttur var haft hjá lögreglu á slysdegi 15. júní 1984, hafi verið í samræmi við fullyrðingar stefnda Hjálmars Júlíussonar og eiginkonu hans um málsatvik. Með þessari athugasemd verður héraðsdómur staðfestur með skírskotun til forsendna hans.

Áfrýjandi greiði stefndu sameiginlega 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ægir Þorsteinsson, greiði stefndu, Vátryggingafé-

lagi Íslands hf. og Hjálmarí Júlíussyni, sameiginlega 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. apríl 1995.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var þriðjudaginn 18. apríl sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Ægi Þorsteinssyni, Snorrabraut 35, Reykjavík, með stefnu, birtri 21. maí 1993, og framhaldsstefnu, þingfestri 2. júní 1994, á hendur Vátryggingafélagi Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík, og Hjálmarí Júlíussyni, Fellsmúla 12, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða stefnanda 22.049.610 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 22. 6. 1992 til greiðsludags. Til vara krefst stefnandi lægri fjárhæðar að mati dómsins. Enn fremur krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu að mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, að viðbættum virðisaukaskatti, og beri málskostnaðarfjárhæð án virðisaukaskatts dráttarvexti skv. ákvæðum III. kafla l. nr. 25/1987 í samræmi við 4. mgr. 129. gr. l. nr. 91/1991.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins auk virðisaukaskatts og dráttarvaxta frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

II.

Málavextir.

Málsatvik eru þau, að föstudagskvöldið 15. júní 1984 lenti stefnandi, sem þá var 26 ára gamall, í umferðarslysi skammt norðan við Kópavogslæk, á móts við Hlíðarhvam 7 í Kópavogi. Tildrög slyssins voru þau, að stefnandi ók bifreið sinni, G-19504, Ford Maverick, árgerð 1974, frá Hafnarfirði áleiðis til Reykjavíkur. Farþegi í bifreiðinni var Hrönn Harðardóttir. Þegar bifreiðin var stödd á móts við Hlíðarhvam 7 í Kópavogi, fór bifreið stefnanda út af veginum hægra megin, lenti á ljósastaur og fór nokkrar veltur, þar til hún stöðvaðist. Við slysið köstuðust stefnandi og farþeginn Hrönn út úr bifreiðinni.

Við slysið hlaut stefnandi höfuðáverka, sem leiddi til heilaskemmda. Stefán Bogason læknir mat varanlega örorku stefnanda 14. nóvember 1985 af völdum áverkans 25%. Hinn 28. desember 1987 mat hann varanlega örorku að nýju 65%. Hinn 9. maí 1994 mat Vigfús Magnússon læknir örorku stefnanda að nýju þannig, að tímabundin örorka stefnanda frá slysdegi til 15. 4.

1985 var metin 100%, en varanleg örorka 75%. Málið var sent Læknaráði, sem staðfesti í niðurstöðu sinni örorkumat Vigfúsar Magnússonar.

Stefnandi lét Jón Erling Þorláksson tryggingafræðing reikna út örorkutjón sitt 16. 5. 1994 miðað við síðastgreint örorkumat. Er útreikningurinn reistur á skattframtölum stefnanda, og er miðað við 6% vexti og vaxtavexti eftir útreikningsdag. Samkvæmt útreikningum tryggingafræðingsins reiknast höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps á slysdegi 9.650.000 kr. og töpuð lífeyrisréttindi 564.200 kr. Áfallnir einfaldir sparisjóðsvextir reiknast frá slysdegi til útreikningsdags samtals 96,74%. Samkvæmt útreikningum stefnanda nemur fjárhæð vaxta þannig reiknuð 9.335.410 krónum. Miskabótakrafa stefnanda nemur 2.500.000 krónum.

III.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi lýsir málavöxtum í stefnu svo m. a., að hann hafi ekið á um 70 km hraða á klst., þegar slysið varð. Skyggni hafi verið gott og lítil umferð. Ástand bifreiðar stefnanda hafi verið gott, þannig, að hemlar og stýrisbúnaður voru í lagi, en hjólbarðar þannig, að þeir voru sléttir að framan, en negldir að aftan.

Þegar stefnandi var kominn rétt norður yfir Kópavogslæk, kveður hann bifreið stefnda Hjálmars hafa verið ekið á undan sér á vinstri akrein. Á móts við Hlíðarhvamm 7 hafi hann ætlað að aka fram úr þeirri bifreið hægra megin, en bifreiðinni þá verið beygt yfir í áttina á hægri akrein áleiðis í veg fyrir bifreið stefnanda. Stefnandi hafi þá snarsveigt til hægri til þess að afstýra yfirvofandi árekstri og við það ekið út á vegkantinn í lausamöl. Í vegkanti hafi verið ljósastaur, og hafi stefnandi freistað þess að sneiða hjá ljósastaurnum og ná bifreiðinni aftur inn á veginn. Við þetta hafi bifreiðin runnið til og lent með hægra frambretti á staurnum, sem við það brotnaði, en bifreiðin kastast til og oltið og stöðvast um 40 m norðar. Stefnandi kveður stefnda Hjálmar hafa orðið varan við slysið, en hafa ekið af vettvangi.

Við aðalmeðferð málsins kom vitnið Hrönn Harðardóttir fyrir dóminn og gaf skýrslu, en hún var farþegi í bifreið stefnanda, þegar slysið varð. Skýrði hún svo frá m. a., að bifreið stefnda Hjálmars hefði verið ekið hægra megin á veginum, og þegar stefnandi, sem hefði ekið á vinstri vegarhelmingi, hefði ætlað að fara fram úr bifreið stefnda Hjálmars vinstra megin, hefði hann sveigt bifreið sinni í veg fyrir stefnanda yfir til vinstri, en hann þá verið u. þ. b. tvær til þrjár bíllengdir fyrir framan bifreið stefnanda. Hafi stefnandi þá sveigt til hægri til að forðast árekstur með þeim afleiðingum, sem fram hafa komið.

Í kjölfar þessa framburðar vitnisins breytti stefnandi málsatvikalýsingu

sinni, að því er varðaði staðsetningu bifreiða málsaðila á veginum, í samræmi við framburð vitnisins.

Stefnandi telur ástæður slyssins einvörðungu verða raktar til ógætilegs og háskalegs aksturs stefnda Hjálmars í umrætt skipti. Stefndi Hjálmar hafi lýst yfir því, að umrætt sinn hafi hann ekið bifreiðinni R-71779 á 50–60 km hraða á klst. á vinstri akrein. Í þann mund, sem stefnandi ætlaði að aka fram úr bifreið hans, hafi stefndi ekið bifreið sinni áleiðis yfir á hægri akrein í veg fyrir bifreið stefnanda, sem við það að forðast árekstur ók út á vegkantinn í lausamöl og lenti á ljósastaur með þeim afleiðingum, sem áður greinir.

Varakrafa stefnanda til lækunar bóta taki til skattfrelsis og eingreiðsluhagræðis, og telur stefnandi ekki ástæður til að lækka bætur af þeim sökum meira en 10–15%.

Stefndi kveður bifreiðina R-71779 hafa verið tryggðar lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá Brunabótafélagi Íslands. Er slysið varð, hafi gilt umferðarlög nr. 40/1968, og sé bótaskylda stefndu reist á ákvæðum VI. kafla þeirra laga, en sambærileg ákvæði séu í XIII. kafla núgildandi umferðarlaga nr. 50/1988.

Brunabótafélag Íslands hafi sameinast Samvinnutryggingum gt. og sé félagið nú rekið undir nafni Vátryggingafélags Íslands hf.

Málsástæður stefndu.

Stefndu kveða stefnanda hafa hlotið heilaskaða í slysinu, og hafi hann ekkert getað um það munað. Stefndi Hjálmar Júlíusson og kona hans, Guðrún Guðjónsdóttir kennari, hafi hins vegar séð, hvað gerðist. Hafi þau komið inn á Hafnarfjarðarveg frá Vífilsstöðum í bifreið sinni, R-71779, Daihatsu Charade, og ekið norður Hafnarfjarðarveg á vinstri akrein á um 60 km/klst. Hafi þau orðið bifreiðar stefnanda vör með þeim hætti, að þau heyrðu hvel og bifreið stefnanda í sömu svifum henst upp að hægri hlið bifreiðar þeirra og síðan oltið áfram í loftköstum, uns hún hafnaði út fyrir veg. Hafi Hjálmar og Guðrún farið beint á lögreglustöðina í Kópavogi og tilkynnt um slysið. Þau hafi verið viss um, að bifreið þeirra hafi allan tímann verið á vinstri akrein og þau ekkert verið að skipta um akrein.

Stefndu kveða rangt og ósannað, að stefndi Hjálmar hafi beygt í veg fyrir bifreið stefnanda, eins og stefnandi haldi fram, eða átt með öðrum hætti sök á slysinu, en um slysið fari skv. 68. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Sé atvikalýsingu stefnanda í þessu efni sérstaklega mótmælt sem rangri. Standi framburður ölvaðs farþega í bifreið stefnanda gegn framburði stefnda Hjálmars og konu hans um stað bifreiðarinnar R-71779, þegar stefnandi missti vald á bifreið sinni. Sé ekki annað sýnna af vitnaframburði en stefnandi hafi einn valdið slysi sínu með ógátilegum akstri, auk þess sem hættu-

legur hjólbarðabúnaður á bifreið hans hafi átt sinn þátt í, hvernig fór. Eigi hann því að bera allt tjón sitt sjálfur.

Í annan stað sé hugsanlegur bótaréttur stefnanda og allar stefnukröfur löngu fyrndar skv. 78. gr. 1. nr. 40/1968, og beri að sýkna stefndu þegar af þeirri ástæðu. Hafi slysið orðið 15. júní 1984 og 65% örorka stefnanda metin 28. desember 1987. Hafi stefnandi átt þess kost eigi síðar en á því ári eða næsta að leita fullnustu kröfu sinnar. Hafi fjögurra ára fyrningarfrestur skv. 78. gr. 1. nr. 40/1968 þannig hafist eigi síðar en í ársbyrjun 1989 og fyrningarfrestur því liðinn í árslok 1992, en stefna hafi ekki verið birt fyrr en 18. maí 1993. Sé því ljóst, að kröfur stefnanda séu löngu fyrndar, sbr. og Hrd. 1976, 14, og Hrd. 1987, 1369. Breyti engu um fyrningu kröfunnar, þótt stefnandi hafi löngu síðar látið endurmeta örorku sína.

Stefndu kveða varakröfu sína setta fram ex tuto og á því byggt, að stefnandi eigi sjálfur höfuðsök á slysi sínu og verði að bera tjón sitt sjálfur í hlutfalli við þá sök, auk þess sem stórlækka beri stefnukröfur.

Sé krafa stefnanda um örorkubætur reist á líkindareikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, sem leggi til grundvallar sem frambúðarviðmiðunartekjur skattframtalstekjur stefnanda síðustu þrjú ár fyrir slys, en þá hafi stefnandi stundað sjómennsku. Stefnandi hafi hins vegar verið hættur á sjó til frambúðar, þegar slysið varð, og sett á stofn leiktækjasal með eiginkonu sinni. Sé líkindareikningurinn því óhæfur til hliðsjónar við bótaákvörðun. Væri nær að miða við meðaltekjur verkamanna. Þá beri að draga frá þann hluta bóta, sem ella gengi til opinberra gjalda. Kæmu bæturnar til skatts sem jaðartekjur, ef þær væru skattskyldar að öðru óbreyttu. Gildi hið sama um lífeyrisréttindi og örorkubætur. Síðan beri að virða til lækkunar hagræði af eingreiðslu bótanna samkvæmt dómvenju og draga svo frá bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, sem stefnandi eigi rétt á sem öryrki og ökumaður bifreiðar. Einnig beri að draga frá bætur úr SÖF-tryggingunni frá Brunabótafélagi Íslands, 459.000 kr. Loks beri almennt að virða til lækkunar, að miski sé innifalinn í örorkumati lækna. Sérstaklega beri að líta til þess, hvort lífeyrisréttindi skerðist í reynd, og hafna kröfum um ætluð töpuð lífeyrisréttindi, ef ekki sé um réttindamissi að ræða í raun og veru. Hafi stefnandi verið í sjálfstæðum atvinnurekstri, þegar slysið varð.

Miskabótakröfu stefnanda, 2.500.000 kr., er mótmælt sem allt of hári og langt umfram dómvenju. Nemi hæstu miskabætur, sem dæmdar hafi verið hérlandis fyrir líkamstjón, 2.000.000 króna, og hafi þar verið um að ræða 100% örorku og miklu alvarlegri afleiðingar en í tilvikum stefnanda. Þá sé miski innifalinn í örorkumatinu og sama miska því í raun tvíkrafist í málinu. Loks beri að miða við verðlag á slysdegi.

Uppreiknaðri vaxtakröfu stefnanda frá slysdegi til útreikningsdags, 7.756.321 kr., er sérstaklega mótmælt. Eldri vextir en fjögurra ára frá birt-ingardegi stefnu 18. 5. 1993 séu fyrndir, en eins og krafan sé fram sett, sé hvorki unnt að greina vaxtafót né vaxtatímabil. Beri að vísa þessum kröfu-lið frá dómi ex officio. Þá verði að andmæla kröfugerð í stefnu með sam-lagningu höfuðstóls, áfallinna vaxta til útreikningsdags og dráttarvaxta frá 22. júní 1992 af öllu saman, alls 18.415.721 kr. Loks sé kröfugerð þessi hald-laus, sbr. c-lið 131. gr. eml. Beri skaðabótakrafa fyrir líkamstjón skv. dóm-venju sömu vexti og notaðir séu í tjónsútreikningi og ekki dráttarvexti frá fyrri tíma en uppsögudegi endanlegs dóms.

Í geinargerð vegna framhaldssakar mótmæla stefndu örorkumati Vigfús-ar Magnússonar læknis sem röngu og sömuleiðis hinum nýja líkindareikn-ingi Jóns Erlings Þorlákssonar, sem dagsettur er 10. 5. 1994. Kveða stefndu Sigurð Thorlacius lækni, sérfræðing í heila- og taugasjúkdómum, telja heilsufarslegt ástand stefnanda vera óbreytt, frá því að Stefán Bogason mat varanlega örorku hans 65%. Þá voru ítrekuð mótmæli við vaxtakröfu stefn-anda og þess krafist, að við ákvörðun málskostnaðar yrði litið til c-liðar 131. gr. l. nr. 91/1991.

IV.

Forsendur og niðurstaða.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi beri ábyrgð á tjóni hans með því að sveigja bifreið sinni skyndilega í veg fyrir bifreið hans með þeim afleiðingum, að bifreið stefnanda valt út af veginum, þegar hann reyndi að sveigja frá bifreið stefnda og afstýra árekstri. Þessum málatilbúnaði hefur verið mótmælt af hálfu stefndu.

Stefnandi skýrði svo frá fyrir dóminum, að hann myndi ekki eftir sjálfu slysinu eða aðdraganda þess. Málavaxtalýsingu sína í stefnu kvaðst hann styðja því, sem hann hefði lesið um slysið, og draga af því ályktanir. Fram-burður vitnisins Hrannar Harðardóttur hefur verið rakinn að nokkru hér að framan, og er ljóst, að hann vegur þungt við mat stefnanda á málsat-vikum.

Stefndi Hjálmar gaf skýrslu fyrir dóminum sem og eiginkona hans, Guð-rún Guðjónsdóttir, sem var farþegi í bifreið hans, þegar slysið varð. Var framburður þeirra samhljóða um staðsetningu bifreiðanna á veginum, og kváðu þau bifreið stefnda Hjálmars hafa verið ekið vinstra megin á vegin-um, en bifreið stefnanda verið á hægri vegarhelmingi, þegar þau urðu henn-ar vör. Bæði héldu og fast við þann framburð sinn, að ekki hefði staðið til af hálfu stefnda Hjálmars að skipta um akrein, og væri sú fullyrðing stefn-anda röng, að bifreið stefnda hefði verið sveigt í veg fyrir bifreið stefnanda.

Í lögregluskýrslu, sem tekin var af vitninu Hrönn Harðardóttur á slysa-deild Borgarspítalans 15. júní 1984, sama dag og slysið varð, er haft eftir henni, að slysið hafi orðið við það, að ökumaðurinn (stefnandi) hefði verið að fara þarna fram úr bifreið á hægri vegarkanti, er bifreiðin lenti á ljósastaur, er þar var. Er ekki vikið að því við þessa skýrslugjöf, að annarri bifreið hafi verið sveigt í veg fyrir bifreið stefnanda. Er framburður vitnisins samkvæmt skýrslu þessari efnislega í samræmi við fullyrðingar stefnda Hjálmars og eiginkonu hans um málsatvik.

Framburður þessi var borinn undir vitnið, og kvaðst hún ekki viss um, að rétt væri eftir sér haft í skýrslunni. Þá kvaðst hún gera ráð fyrir, að hún hefði verið í losti, þegar skýrslan var tekin af sér. Hins vegar kvað hún aðspurð það eiga að vera ljóst, að hún hefði átt við, að bifreiðin, sem fara átti fram úr, hefði verið á hægri vegarhelmingi.

Málsatvikalýsing vitnisins Hrannar fyrir dómi við aðalmeðferð var efnislega í samræmi við framburð hennar hjá lögreglunni í Kópavogi 5. júlí 1984.

Framburður vitnisins Hrannar um stað bifreiðanna, eins og hún lýsti fyrir dómi við aðalmeðferð málsins, hefur legið fyrir, frá því að lögregluskýrslan var tekin af henni 5. júlí 1984. Hefur sú skýrsla verið með skjölum málsins frá þingfestingu þess. Engu að síður hélt stefnandi við fyrri málavaxtalýsingu sína þar til við aðalmeðferð málsins, en sú lýsing var í samræmi við lýsingu stefnda Hjálmars og eiginkonu hans um það, á hvorum vegarhelmingi bifreiðarnar voru.

Stefndi og eiginkona hans hafa í engu hvikað frá þeim framburði sínum, að bifreið stefnda Hjálmars hafi verið haldið á vinstri vegarhelmingi. Framburður stefnanda hefur verið á reiki um það atriði, eins og að framan greinir, og liggur fyrir, að sjálfur man hann ekkert eftir atvikum við slysið.

Engin vitni voru önnur að aðdraganda slyssins. Stefndi Hjálmar skýrði svo frá fyrir dómi, að bifreið stefnanda hefði verið ekið á ofsahraða. Uppdráttur lögreglu af vettvangi ber með sér, að ökuhraði bifreiðar stefnanda hefur verið allnokkur, en samkvæmt uppdráttinum valt eða hentist bifreiðin áfram um tæpa 50 metra, eftir að hún hafði rekist á ljósastaur og brotið hann. Vitnið Hrönn skýrði svo frá hjá lögreglu 5. júlí 1984, að ökuhraðinn hefði verið u. þ. b. 60–80 km/klst. Þá skýrði vitnið Skjöldur Eyfjörð Stefánsson svo frá hjá lögreglunni í Kópavogi, að bifreið stefnanda hefði verið ekið fram úr bifreið sinni skömmu fyrir slysið, og segir vitnið, að henni hafi verið ekið „nokkuð greitt“. Sjálfur kvaðst hann hafa ekið á u. þ. b. 70 km/klst.

Í lögregluskýrslu kemur fram, að bifreið stefnanda var verulega vanbúin, að því er varðar hjólbarða. Að framan voru sumarhjólbarðar, þar af annar slitinn, en að aftan voru negldir hjólbarðar.

Samkvæmt framansögðu og gegn andmælum stefnda Hjálmars er algerlega ósannað, að hann hafi á nokkurn hátt verið meðvaldur að slysinu með aksturslagi sínu, heldur þykir mega rekja slysið til ógætilegs aksturs stefnanda við framúrakstur, en vanbúnaður bifreiðar hans kann einnig að hafa valdið þar nokkru um. Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Stefnandi fékk leyfi til gjafsóknar með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 1. mars 1991.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda ákveðst 213.070 kr. og greiðist úr ríkissjóði. Þar af renna 150.000 kr. til lögmanns hans, Kristjáns Stefánssonar hrl. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Vátryggingafélag Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík, og Hjálmar Júlíusson, Fellsmúla 12, Reykjavík, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Ægis Þorsteinssonar, Snorrabraut 35, Reykjavík, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 213.070 kr., greiðist úr ríkissjóði. Þar af renna 150.000 kr. til lögmanns hans, Kristjáns Stefánssonar hrl.
